

Fundargerð 1. fundar

Stjórn fjallskilaumdæmis Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Skorradalshrepps og Borgarbyggðar, 19. janúar 2016 kl. 14:00 í Ráðhúsi Borgarbyggðar.

Mættir: Finnbogi Leifsson, Borgarbyggð, Ólafur Jóhannesson, Borgarbyggð, Baldvin Björnsson, Hvalfjarðarsveit og Jón Einarsson, Skorradalshrepp.

Fundargerð ritaði Hrafnhildur Tryggvadóttir, verkefnastjóri á Umhverfis-og skipulagssviði Borgarbyggðar.

Dagskrá:

1. Fundarsetning- Sveitarstjóri Borgarbyggðar

Sveitarstjóri Borgarbyggðar setur fund skv. samþykkt fyrir stjórn fjallskilaumdæmis Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Skorradalshrepps og Borgarbyggðar.

2. Samþykkt fyrir stjórn fjallskilaumdæmis Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Skorradalshrepps og Borgarbyggðar.

Samþykkt fyrir stjórn fjallskilaumdæmis Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Skorradalshrepps og Borgarbyggðar lögð fram. Samþykkt að yfirfara samþykkt fyrir stjórn fjallskilaumdæmisins.

3. Kosning formanns og varaformanns

Finnbogi Leifsson, Borgarbyggð kjörinn formaður stjórnar, og Baldvin Björnsson, Hvalfjarðarsveit kjörinn varaformaður.

4. Starfsmaður stjórnar

Formanni falið að leita eftir aðgengi að starfsmanni hjá Borgarbyggð til að gegna störfum starfsmanns nefndarinnar.

5. Kæra vegna álagningar á landverð í Borgarbyggð

Finnbogi Leifsson vék af fundi áður en málið var tekið til afgreiðslu.

Með tilvísun í 42. gr. í V kafla laga um afréttarmálefni og fjallskil o.fl. nr. 6 /1986 og 11 gr. í IV kafla fjallskilasamþykktar fyrir sveitarfélögin Akraneskaupstað, Borgarbyggð, Hvalfjarðarsveit og Skorradalshrepp nr. 683/2015 hafnar stjórn fjallskilaumdæmisins kröfu um niðurfellingu álagðra gjalda.

Starfsmanni falið að tilkynna málsaðilum niðurstöðuna.

6. Markavörður fyrir Borgarfjarðarsýslu

Starfsmanni falið að gera drög að samningi við starfandi markaverði fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

7. Önnur mál

Engin mál tekin fyrir.

Fundi slitið kl. 15:30.